

Erindi íbúa í hverfinu til íbúaráðs Laugardals dags. 4. maí 2020, um græn svæði, göngustíga og útivistarkosti í túnunum.

Sæl veriði

Undir liðnum "málefni hverfisins" mætti endilega ræða úrbætur á grænum svæðum, göngustígum og öðrum útivistarkostum í Túnunum.

Túnin vilja stundum gleymast í umræðunni um bætt lífskjör og útivist. Er ástæðan kannski helst sú að um er að ræða mikið viðskiptahverfi, með stórum bílastæðum, skrifstofubyggingum, steypu og malbiki, og áður fyrr var íbúafjöldi ekki svo mikill.

Hins vegar hefur íbúðarbyggð aukist alveg svakalega í Túnunum síðustu ár - aðallega í Sóltúni og Mánatúni, og hafa hundruðir fólks flust í hverfið. Þar með talið fjölskyldufólk, eldri borgarar og allt þar á milli.

Í Sóltúni er grunn- og leikskóli sem er mjög eftirsóttur, og eru nýbyggingarnar í þessu hverfi fallegar, vel byggðar, staðsetning góð og almennt mikil ánægja með búsetuna.

Hins vegar vantar sáran einhver græn svæði í hverfið, þó ekki væri nema eitt og eitt frímerki til að gleðja hjartað og hugann, svo ekki sé talað um börnin. Það eru nánast engir leikvöllir í hverfinu, og mjög takmarkaður gróður og bekkir. Það væri td kjörið að betrumbæta Sóltúnsreitinn (leikvöllinn við hjúkrunarheimilið Sóltún og við hliðin á Waldorf skólanum), sem og grasbalann við Höfða. Þar gætu verið fallegar lautir, bekkir, gróður, blóm og leiktæki.

Með von um að fundurinn geti rætt þessi mál og þrýst á borgina til að hlúa betur að þessum örfáu grænu reitum sem eftir eru í Túnunum.

Með kærleik,

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir.

HARPA FÖNN SIGURJÓNSDÓTTIR